



Sjónarmið og sigrar Falda aflsins

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Hvað er Falda aflið?

- Tólf tillögur sem miða að því að bæta efnahags- og rekstarumhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi.
- Hleypt af stokkunum í september 2013.
- Eftir því sem málin vinnast, verður nýjum bætt við. Alltaf tólf í gangi.
- Árangur víða, annars staðar er þungt fyrir fæti



1. Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum

- FA stóð fyrir mikilli umræðu um efnið. FME birti greinarbetri umfjöllun, efnahags- og viðskiptanefnd fjallaði um málið og bankarnir birtu nokkuð ýtarlegar upplýsingar um eignarhald sitt á fyrirtækjum.
- Málið hefur þokazt áleiðis, en Alþingi hefur enn ekki skerpt á löggjöf um efnið.



Aflið eykst

2. Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki

- Heilmikil umræða um t.d. breytta löggjöf um fjárfestingar lífeyrissjóða.
- Formaður efnahags- og viðskiptanefndar lagði fram frumvarp með breiðum pólitískum stuðningi.
- Málið ekki farið í gegn, en á góða möguleika.



Aflið eykst

3. Markvissar leiðir gegn kennitölufлакki

- Málið á dagskrá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem hefur kveðið skýrt að orði um að taka verði á kennitölufлакki.
- Efnahags- og viðskiptanefnd beindi til innanríkisráðuneytis að setja í lög ákvæði um eignarréttarfyrirvara á óseldum vörum.
- FA fylgir málinu eftir, verður í forgangi í vor.



Aflið eykst

4. Lækkun tryggingagjalds

- Lítil lækkun tryggingagjalds í upphafi kjörtímabils var mikil vonbrigði. Fyrirheit voru gefin um annað.
- Yfirlýsingar fjármálaráðherra á skattadeginum um að flýta eigi lækkun gjaldsins eru fagnaðarefni.
- FA heldur málinu áfram lifandi.



Aflið þróast

5. Afnám vörugjalda og einföldun neyzluskatta

- Mikill sigur vannst með afnámi vörugjaldsins um áramótin.
- Minni munur á skattþrepum virðisaukaskatts sömuleiðis skref í rétta átt.
- Ótvíræð jákvæð áhrif breytinganna.
- Aukin umræða um innflutningstolla, efasemdir um núverandi kerfi.



Aflið fullvirkt

6. Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera

- FA hefur haldið málinu vakandi, meðal annars með gagnrýni á farmiðakaup ríkisins.
- Fjármálaráðherra svaraði og tók undir sjónarmið FA, boðaði breytingar á innkaupamálum ríkisins þegar starfshópur lýkur störfum.
- Alþingi þarf að skerpa á lögum um opinber innkaup hvað sveitarfélögin varðar.



Aflið þróast

7. Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála

- Minni fyrirtækjum þykir mörgum Samkeppniseftirlitið svifaseint, upptekið í stóru málunum.
- Leiðir til úrbóta ræddar á samstarfsvettvangi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þar sem FA á aðild
- Lítil virkni samstarfsvettvangsins, okkar hlutverk að ýta á eftir úrbótum og halda umræðunni lifandi



Aflið þróast

8. Breyttar reglur um skattlagningu arðs

- Málið vannst á árinu 2013.
- Ósanngjörn 50/20 regla sem leiddi til mismununar afnumin með lagafrumvarpi fjármálaráðherra.



Aflið fullvirkt

9. Sanngjarnari kröfur til endursk. ársreikninga minni fyrirtækja

- Málið er á dagskrá iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- Ráðuneytið að endurskoða lög um ársreikninga með hliðsjón af Evróputilskipun.
- Stefnt að einföldun regluverks og að draga úr umsýslukostnaði minni og meðalstórra fyrirtækja.



Aflið eykst

10. Eftirlitsgjöld byggji á þeirri vinnu sem unnin er

- FA heldur málinu vakandi, hefur meðal annars bent á fáránleika þess að fyrirtæki borgi tugi milljóna í lyfjaeftirlitsgjald en sjái eftirlitsmann á margra ára fresti.
- Óljós afstaða stjórnvalda. Þarf að kortleggja stöðu málsins betur.



Aflið þróast

11. Lögfesting fleiri gjalddaga aðflutningsgjalda

- Undanþáguákvæði hafa fengizt í gegn undanfarin ár.
- Vilji ráðuneytis stendur til að breyta fyrirkomulaginu til frambúðar.



Aflið fullvirkt






12. Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

- Hreyfing á málinu vegna Evróputilskipunar um einföldun ársreikninga minni fyrirtækja.
- Frumvarp í smíðum í ANR, RSK hefur lagt til að hægt sé að notast við tiltekna framtalsupplýsingar.
- Markmiðið að einfalda regluverkið fyrir minnstu fyrirtækin.



Aflið eykst

Öll málin á hreyfingu eða í höfn

	2014	2015	
	Aflið skaðað	1	0
	Mótstöðuafli	2	0
	Aflið þróast	5	4
	Aflið eykst	2	5
	Aflið fullvirkt	2	3

Þrjár nýjar tillögur

- Koma í staðinn fyrir mál sem eru að meira eða minna leyti í höfn
 - Afnáam vörugjalda og einföldun neyzluskatta
 - Breyttar reglur um skattlagningu arðs
 - Lögfesting fleiri gjalddaga aðflutningsgjalda
- Tvær tillögur snúa að því að skerpa fókus á því sem ekki hefur náðst fram varðandi neyzluskatta og aðflutningsgjöld.
- Sú þriðja snýr að sjávarútveginum, að styrkja stöðu þeirra mörgu litlu og meðalstóru fyrirtækja sem stunda sjálfstæða vinnslu og útflutning.

Eðlileg verðmyndun í sjávarútvegi

- Lögum um verðlagsstofu skiptaverðs verði breytt þannig að útgerðarmenn komi ekki með beinum hætti að ákvörðun verðlagsstofuverðs. Verðlagsstofuverðið taki meira mið af verðþróun á fiskmörkuðum.
- Tryggt verði að fjórðungur afla hið minnsta sé seldur á fiskmarkaði.
- Eftirlit verði hert með löndun framhjá vigt.
- Sjávarútvegsráðherra bregðist við tilmælum Samkeppniseftirlitsins frá því í nóvember 2012.

Afnám verndartolla í landbúnaði

- Stefnt verði að afnámi verndartolla á landbúnaðarafurðum í áföngum.
- Til að byrja með verði tollverndin afnumin á vörum sem ekki teljast til afurða hefðbundins landbúnaðar á Íslandi, eru ekki framleiddar á Íslandi eða innanlandsframleiðsla annar ekki eftirspurn.
- Tollvernd á afurðum hefðbundins landbúnaðar, þar sem innanlandsframleiðsla annar eftirspurn, verði lækkuð.
- Til skemmri tíma verði úthlutunarkerfi innflutningskvóta endurskoðað og þeir rýmkaðir verulega.

Einföldun álagningar virðisaukaskatts

- Virðisaukaskattur verði lagður á í einu þrepi og almenna skattþrepið lækkað verulega.
- Undanþágum frá virðisaukaskatti verði fækkað og skattstofninn þannig breikkaður.
- Nær að hjálpa tekjulágum í gegnum bótakerfið en að veita öllum tekjuhópum afslátt af virðisaukaskatti



faldna aflið

Leysum úr læðingi afl minni og meðalstórra fyrirtækja